



Reglur Norðurþings um afslátt á fasteignaskatti

1. gr.

Tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum sem eiga lögheimili í Norðurþingi er veittur afsláttur af fasteignaskatti, samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar Norðurþings ár hvert og reglum þessum, sbr. heimild reglugerðar nr. 1160 frá 23. desember 2005.

2. gr.

Rétt til afsláttar eiga íbúðareigendur í Norðurþingi sem búa í eigin íbúð og náð hafa 67 ára aldri eða verið úrskurðaðir 75% öryrkjar fyrir upphaf álagningarárs.

3. gr.

Hjón og samskattað sambýlisfólk fær afslátt þó einungis annar aðilinn uppfylli skilyrði skv. 2.gr.

4. gr.

Niðurfelling á fasteignaskatti er tekjutengdur og getur mest orðið 100 af hundraði (100%). Miðað er við allar skattskyldar tekjur, þ.m.t. eigna- og fjármagnstekjur síðastliðins árs, samkvæmt nýjasta skattframtali. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfólks.

5. gr.

Tekjumörk eru sem hér segir:

1. Einstaklingar og örorkulífeyrisþegar:

- Skattskyldar tekjur allt að krónur 4.374.483.- veita 100% afslátt.
- Skattskyldar tekjur frá 4.374.483.- til 5.223.319.- króna veita 50% afslátt.
- Skattskyldar tekjur frá 5.223.319. til 6.794.410.- króna veita 25% afslátt.
- Skattskyldar tekjur yfir 6.794.410.- veita engan afslátt.

2. Örorkulífeyrisþegar, hjón og samskattað sambýlisfólk:

- Skattskyldar tekjur allt að 8.323.307.- krónur veita 100% afslátt.
- Skattskyldar tekjur frá 8.323.307.- til 9.172.143.- krónur veita 50% afslátt.
- Skattskyldar tekjur frá 9.172.143.- til 10.190.994.- króna veita 25% afslátt.
- Skattskyldar tekjur yfir 10.190.994.- króna veita engan afslátt.

6. gr.

Við fráfall maka eða sambýlings skal fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði sem fjölskylda hins látna/hinnar látnu á og býr í felldur niður að fullu fyrsta árið eftir fráfallið og að hálfu annað árið.

7. gr.

Búi einstaklingur (eða hjón) inni á heimili ellilífeyrisþega sem ekki er maki hans og fellur (falla) ekki undir reglur þessar kemur ekki til niðurfellingar fasteignaskatts.

8. Grein

Tekjulágir elli- og örorkulífeyrisþegar þurfa ekki að sækja sérstaklega um lækkun fasteignaskatts. Við álagningu fasteignagjalda í janúar verður afsláttur elli- og örorkulífeyrisþega til bráðbirgða miðaður við tekjur ársins 2022 en endanlega ákvarðaður þegar álagning vegna tekna ársins 2023 liggur fyrir. Breytingar sem verða á álagningu við endanlega ákvörðun afsláttar verða tilkynntar bréflaga.

Umsóknir um niðurfellingu/lækkun fasteignaskatts vegna fráfalls maka eða sambýlings skal senda inn í gegnum vefsíðu Norðurþings

Samþykkt í sveitarstjórn Norðurþings 16. janúar 2025

